

Valþjófur ehf.

Kt.: 650518-0550

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 09.05.2023

Tilv. 2022-07-07-1916

Tilv. 2022-08-19-2064

Efni: Svipting leyfis til strandveiða. Lengd veiðiferðar. Valþjófur ÍS-145 (7466). Ítrekun.

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð tveggja mála er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145, skipaskrárnúmer 7466, á reglum um hámarks tíma veiðiferða á strandveiðum í júní og júlí 2022. Var málsmeðferð þeirra sameinuð í ákvörðun þessari.

i. Mál 2022-07-07-1916

Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 7. júlí 2022. Við rafrænt eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu vaknaði grunur um að fiskiskipið Valþjófur ÍS-145 (7466) hafi verið á strandveiðum umfram leyfilegan hámarkstíma í tveimur veiðiferðum, annars vegar 9. júní og hins vegar 6. júlí 2022. Í báðum veiðiferðum var skipinu sight frá Flateyri og landað í sömu höfn. Í skýrslu veiðieftirlitsmanns kemur fram að samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS) hélt fiskiskipið af stað til veiða þann 8. júní 2022 kl. 08:20 og lagðist að bryggju 9. júní kl. 00:04. Hafi því umrædd veiðiferð staðið yfir í 15 klst. og 44 mínútur. Samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS) hélt fiskiskipið til veiða þann 6. júlí 2022 kl. 00:56 og lagðist að bryggju sama dag kl. 15:50. Hafi því umrædd veiðiferð staðið yfir í 14 klst og 54 mínútur. Hvorki Fiskistofu né Landhelgisgæslu Íslands (LHG) bárust tilkynningar um ástæður þess að umræddar veiðiferðir stóðu yfir umfram leyfilegan hámarkstíma (14 klukkustundir).

ii. Mál 2022-08-19-2064

Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 19. ágúst 2022. Við rafrænt eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu vaknaði grunur um að fiskiskipið Valþjófur ÍS-145 (7466) hafi verið á strandveiðum umfram leyfilegan hámarkstíma í tveimur veiðiferðum í júlí mánuði 2022, annars vegar 18. og hins vegar 20. júlí 2022. Í báðum veiðiferðum var skipinu sight frá Flateyri og landað í sömu höfn. Í skýrslu veiðieftirlitsmanns kemur fram að samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS) hélt fiskiskipið af stað til veiða 18. júlí 2022 kl. 01:50 og lagðist að bryggju sama dag kl. 17:02. Hafi því umrædd veiðiferð staðið yfir í 15 klst. og 12 mínútur. Samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS) hélt fiskiskipið til veiða 20. júlí 2022 kl. 02:35 og lagðist að bryggju sama dag kl. 17:35. Hafi því umrædd veiðiferð staðið yfir í 15 klst. Hvorki Fiskistofu né LHG bárust tilkynningar um ástæður þess að umræddar veiðiferðir stóðu yfir umfram leyfilegan hámarkstíma (14 klukkustundir).

Af þeim sökum er skipstjóri umrædds fiskiskips grunaður um brot gegn 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um strandveiðar fiskveiðíárið 2021/2022 nr. 460/2022 sbr. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, í fjórum aðskildum veiðiferðum sem tilgreindar eru að framanverðu í júní og júlí 2022.

II. Lagagrundvöllur

Í 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 eru talin upp þau skilyrði sem bundin eru leyfi til strandveiða. Þar kemur fram í 2. tölul. að hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Sömu reglur eru í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2022, sem settar eru með stoðum í framangreindum lögum. Samkvæmt ákvæðinu hvílir tilkynningaskylda á skipstjóra til Fiskistofu og LHG í tilviki óviðráðanlegra aðstæðna eða bilana. Brot á reglugerð nr. 460/2022 og lögum nr. 116/2006 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. svíptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

III. Fyrri áminning og leiðbeiningar

Vísað er til ákvörðunar Fiskistofu í máli 2021-08-25-2373, dags. 7. desember 2021, þar sem málsaðila, Valþjófur ehf., var veitt áminning á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brots gegn þágildandi 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 420/2021 sbr. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, vegna strandveiðiferðar fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) þann 17.-18. ágúst 2021. Stóð umrædd veiðiferð í 18,55 klst., þ.e. 4 klst. og 33 mínútur umfram leyfilegan hámarkstíma. Þá er jafnframt vísað til tveggja leiðbeiningabréfa sem Fiskistofa sendi málsaðila vegna lengd strandveiðiferða fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466), annars vegar 5. júlí 2021 (málsnr. 2021-06-14-2013) vegna fjögurra strandveiðiferða í júní 2021 (19,11, 16,51, 16,64 og 15,56 klst., þ.e. samtals 10 klst. og 50 mínútur umfram leyfilegan hámarkstíma) og hins végars 9. júlí 2020 (málsnr. 2020-07-09-1275) vegna strandveiðiferðar þann 11. maí 2020 (15,64 klst., þ.e. 1 klst. og 38 mínútur umfram leyfilegan hámarkstíma).

IV. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erinda Fiskistofu, dags. 6. desember 2022 (tilv. 2022-08-19-2064 og 2022-07-07-2022), vegna meintra brota skipstjóra fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemnum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Í síðara erindi Fiskistofu kom fram að til einföldunar og hagræðingar fyrir málsaðila yrði farið með þessi tvö stjórnsýslumál sem eitt og málsmeðferð þeirra sameinuð áður en til ákvörðunar Fiskistofu kæmi. Um samkynja brot væri að ræða og myndi ákvörðun Fiskistofu taka til þeirra beggja. Engar athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu fyrir uppgefin tímafrest, 21. desember 2022. Ákvörðun Fiskistofu tekur því mið af fyrirliggjandi gögnum og málsatvikum að öðru leyti eins og þeim er lýst hér að framan.

V. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjóri fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) hélt til strandveiða í fjögur aðgreind skipti í júní og júlí mánuði 2022 þar sem hver veiðiferð fyrir sig stóð umfram leyfilegan hámarkstíma, sem er 14 klukkustundir. Í þeim fjórum veiðiferðum er mál þetta varðar var skipstjóri umrædds skips samtals fjórar klukkustundir og 6 mínútur yfir leyfilegan veiðitíma. Málsatvik eru óumdeild og enginn vafí er um hina meintu háttsemi enda byggir matið á hlutlægum gögnum úr ferilvöktunarkerfi skipsins (AIS). Ekkert hefur komið fram í málínus

sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanna sé dregin í efa, né hefur málsaðili vefengt málsatvik eins og þeim var lýst af hálfu veiðieftirlitsmanna. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslum og ferlum skipsins í umræddum veiðiferðum, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 460/2022 og lögum nr. 116/2006 dagana 9. júní og 6., 18. og 20. júlí 2022.

Háttsemi skipstjóra Valþjófur ÍS-145 (7466), að halda til strandveiða í fjölgur aðgreind skipti umfram 14 klukkustundir, braut gegn 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um strandveiðar fiskveiðiárið 2021/2022 nr. 460/2022 sbr. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Fyrir brot á lögum nr. 116/2006 og reglum settum samkvæmt þeim skal Fiskistofa veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, eftir því sem nánar er fyrir mælt um í lögum nr. 57/1996. Í 3. mgr. 15. gr. þeirra laga segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttáð og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem skip málsaðila hafi haldið ítrekað til strandveiða umfram leyfilegan hámarkstíma og brotin þannig veitt honum tækifæri umfram aðra til að hámarka veiddan afla í hvert sinn. Brotin hafi þannig verið málsaðila eða geta orðið honum til hagsbóta með þeim hætti að hann næði að draga hámarks afla, 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum, í hverri veiðiferð. Líta verði til markmiða laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og þá sér í lagi ákvæði 6. gr. a um strandveiðar. Tilgangur laganna og ákvæða um strandveiðar er ætlað tryggja góða umgengni, verndun og hagkvæma nýtingu á nytjastofnum sjávar á Íslands miðum í því skyni að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrikstur fyrir íslensku þjóðina. Í athugasemendum með *frumvarpi um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar)*, nr. 32/2010, kom fram að skilyrðum til strandveiða væri ætlað að dreifa veiðimagni sem mest bæði í tíma og með tilliti til landssvæða og til að draga úr því að of mikið kapp verði í veiðunum og stuðla að því að meðferð afla verði sem best. Takmarkanir á veiðunum, s.s. með hámarks veiðitíma og hámarks afla í hverri veiðiferð, eru því settar með það að markmiði að sem flestum verði gert mögulegt að stunda frjálsar veiðar með ströndinni á sjálfbærar hátt, enda takmarkast strandveiðar af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna ár hvert. Þá má færa rök fyrir því að takmörkun á hámarks veiðitíma, þ.e. að hver veiðiferð skuli eigi standa lengur en 14 klst. og að einungis sé heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi á leyfilegum veiðidögum, hafi jafnframt verið sett með hliðsjón af öryggi sjómannna á strandveiðum. Mikilvægt er að jafnræði sé með þeim sem stunda umræddar veiðar, og hafi brot málsaðila

ógnað þeim hagsmunum með ámælisverðum hætti sem veitti honum bersýnilegt forskot umfram aðra. Með því að halda ítrekað til strandveiða umfram leyfilegan hámarkstíma hafi málsaðili tryggt sér meira ráðrúm til að nýta veiðiheimild sína í hvert skipti. Með því hafi verið ójafnræði með veiðum málsaðila og annarra sem stunduðu sömu veiðar enda sé ávallt uppi samkeppni milli strandveiðimanna til að hámarka veiði sína innan ramma laga og reglna er gilda um veiðarnar hverju sinni innan þeirra aflaheimilda sem ráðstafað er til veiðanna ár hvert. Skiptir í þessu samhengi ekki máli þó svo málsaðili hafi ekki í öll þau skipti, er veiðiferð skips hans fór umfram hámarks veiðitíma, náð að draga og landa leyfilegum hámarksafla í hverri veiðiferð.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við þær reglur sem gilda um strandveiðar á hverjum tíma. Við mat á saknæmisstigi verður að líta til þess að Fiskistofa hefur í tvígang leiðbeint málsaðila þar sem strandveiðiferðir skipsins stóðu lengur en 14 klst., annars vegar 5. júlí 2021 vegna fjögurra veiðiferða þess í júní sama ár og hins vegar 9. júlí 2020 vegna veiðiferðar 11. maí 2020, en samanlagt stóðu framangreindar fimm veiðiferðir 12 klst. og 28 mínútur yfir leyfilegan veiðitíma. Þrátt fyrir það hélt málsaðili uppteknum hætti og var lengd veiðiferðar skipsins 17.-18. ágúst 2021 18 klst. og 33 mínútur, þ.e. fjórar klst. og 33 mínútur umfram leyfilegan tíma. Af þeim sökum var málsaðila veitt skrifleg áminning þann 7. desember 2021 skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Í þeim fjórum strandveiðiferðum, á strandveiðitímabilinu 2021/2022, sem mál þetta varðar, var skipstjóri samtals fjórar klukkustundir og 50 mínútur fram yfir leyfilegan veiðitíma.

Af þeim sökum er það mat Fiskistofu að málsaðili var grandsamur um að háttsemi skipstjóra bryti í bága við lög en eftir sem áður hélt hann uppteknum hætti í þeim veiðiferðum sem mál þetta varðar og að framan er getið og gerðist á ný brotlegur gegn þeim reglum sem gilda um hámarkstíma strandveiðiferða í fjögur aðgreind skipti. Brotin eru því að mati Fiskistofu ámælisverð og endurtekin. Málsaðili hefur undanfarin ár stundað strandveiðar á grundvelli sérstaks leyfis Fiskistofu og því meðvitaður um að honum beri að fylgja ákvæðum reglugerðar um strandveiðar og annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla á sviði fiskveiðistjórnunar eftir því sem við á, við veiðarnar. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Við mat á viðurlögum í mali þessu telur Fiskistofa að líta verði til þess að málsaðili hefur áður orðið uppvís að sams konar brotum. Það tilvik, sem lauk með ákvörðun Fiskistofu um áminningu dags. 7. desember 2021, hefur ítrekunaráhrif í mali þessu sbr. 19. gr. laga nr. 57/1996. Fyrri leiðbeiningar koma einnig til skoðunar, við saknæmismat og mat á alvarleika brota.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar svíptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svípting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð brot sé að ræða, framin í skeytigarleysi við skýrar reglur um hámarkstíma strandveiðiferða þrátt fyrir fyrra brot og eru brotin ekki talin minniháttar með hliðsjón af þeim tíma sem veiðiferðir skipsins voru umfram leyfilegan hámarkstíma og með hliðsjón af fjölda skipta. Með hliðsjón af framangreindu sem og 19. gr. laga nr. 57/1996 kemur lágmarkssvipting ekki til greina. Að teknu tilliti til eðlis og umfangs

brota, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í eina viku.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Valþjófur ÍS-145, skipaskrárnúmer 7466, leyfi til strandveiða í eina viku (7 daga) frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við skipið, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna ítrekaðra brota gegn 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2022 sbr. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.



